

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Móahverfi.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 4. mars 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Borgarbraut-Vestursíðu.

Breytingin tekur til gróðurskipulags hverfisins og felur m.a. í sér að skipulagssvæðið stækkar um 8 ha til suðurs, að útmörkum græna trefilsins (SL7). Stækkað skipulagssvæði verður að mestu skilgreint sem skógræktarsvæði. Gert er ráð fyrir landmótunarsvæðum á hluta af stækkuðu skipulagssvæði þar sem ekki er gróður í dag. Landmótun verður að hámarki 2 m á hæð frá núverandi landi, með mildum fláum og náttúrulegu yfirbragði. Breyting er gerð á skilgreiningu á gróðri innan skipulagssvæðisins. Minni leiksvæðum sem hafa verið skilgreind við hönnun hverfisins er bætt inn á breytingaruppdrátt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 31. mars 2025.

Rebekka Rut Þórhallsdóttir, fulltrúi skipulags- og byggingarmála.

B-deild – Útgáfudagur: 14. apríl 2025